

17. febrúar 2020

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts/bréfs frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu til þingsályktunar um viðgerðir á jarðvegsrofi vegna utanvegaaksturs utan þjóðgarða, 126. mál. Tilgangur tillögunnar er að umhverfis- og auðlindaráðherra setji á fót jarðbótasjóð sem fjármagnaður verði úr ríkissjóði og hafi að markmiði að standa undir viðgerðum á jarðvegsrofi vegna utanvegaaksturs utan þjóðgarða. Ráðherra setji sjóðnum úthlutunarreglur sem m.a. geri félagasamtökum kleift að sækja fé í sjóðinn til að vinna að markmiðum hans.

Náttúrufræðistofnun tekur undir framangreinda tillögu en leggur ríka áherslu á að í úthlutunarreglum sjóðsins séu skýrar reglur um að ekki verði úthlutað til verkefna nema að tryggt sé að við allar „viðgerðir“ á jarðvegrofi verði ekki heimilt að nota framandi tegundir eða framandi ágengar tegundir plantna við uppgræðslu.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson

Forstöðumaður vistfræði- og ráðgjafardeildar
Náttúrufræðistofnun Íslands